



ALMENN RÁÐGJÖF



FASTEIGNASALA



SÝSLA- OG RÓTAMÁL

Atvinnuveganefnd Alþingis
Nefndasviðs Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Selfossi 12. feb.2015

Umsögn landeigenda Úthlíðartorfu, um tillögu til þingsályktunar um breytingu á þingsályktun um áætlun um vernd og orkunýtingu landsvæða, 244 mál.

Landeigendur Úthlíðartorfu í Biskupstungum, Bláskógabyggð, eigendur jarðanna, Úthlíðar I, og II, Hrauntúns og Stekkholts mæla eindregið með því að Hagavatnsvirkjun verði færð úr biðflokki í nýtingarflokk í Rammaáætlun.

Landeigendur telja að með virkjun Farsins, sem rennur úr Hagavatni í Sandvatn, megi slá tvær flugur í einu höggi, sökkva gamla botni Hagavatns með tilheyrandi uppblástursvæði á kaf, og byggja um 20 MW græna orkuvirkjun.

Samstaða er um málið í heimabyggð, og hefur sveitarstjórn Bláskógabyggðar ályktað um málið á þann veg að óskað er eftir því að virkjunin verði sett í nýtingarflokk. Á sama veg hafa samtök sveitarfélaga á Suðurlandi ályktað.

Fyrir um 70 árum, á hlýviðraskeiði sem gekk þá yfir frá 1925 – 1945, eyddist sporðurinn á Langjökli sá er gekk fram eftir endilöngum Brekknafjöllum. Að lokum brast jökullinn, sem þá var orðinn mjög þunnur undan þunga Hagavatns, sem liggur norðan við Brekknafjöll, tvisvar á 10 ára tímabili.

Hagavatn minnkaði þá að minnsta kosti um 2/3 hluta. Þetta stóra flæmi sem er 5 – 700 hektarar hefur nú í 70 ár verið undir veðrum og vindi sem eru mjög kaldir á þessu svæði sem er í um 450 metrum yfir sjó.

Hagavatnsbotn er pallflatur og þykkur ís og snjór liggur yfir svæðinu í 8 – 9 mánuði ár hvert.

Samkvæmt reynslu heimamanna er mjög erfitt að láta grös lifa við þessar aðstæður. Hægt er að sá fræi og láta það koma upp, en engin planta lifir eftir þessa löngu og þungu ísavetra.

Hér í byggð hafa menn bæði séð og reynt að ef klakabrynja liggur lengur yfir gróðri en 100 daga, er kal nærri því óumflýjanlegt. Á þessum 70 árum sem liðin eru frá því að vatnsbotninn kom upp hefur því ekkert gerst og er hann allur nær ógróinn ennþá.¹

Auk þess koma á 20 ára fresti smá hlaup úr eystri Hagafellsjökli yfir þetta svæði. Eftirminnileg hlaup komu árin 1980 og 2000 og sennilega má búast við næsta hlaupi árið 2020. Þegar jökullinn hleypur fram kemur nokkuð vatnsflóð á eftir. Fer þá vatnið yfir stóran hluta af botninum og skilur eftir sig aur og sand. Í norðan áhlaupum rýkur þessi jökulaur yfir til vesturs.

Hefur þessi aur valdið uppblæstri í Lambahrauni sem ekki var þar meðan vatnið var í fullri stærð.

Tilraun var gerð til uppgræðslu á svæðinu eftir 1980 af hálfu landeigenda og Greips heitins Sigurðssonar landgræðsluvarðar, að sáð var tveimur röndum af melfræi, aðra í hraunbrúnina og hina úti í vatnsbotninum. Melurinn kom upp um sumarið en í vatnsbotninum lifði hann aðeins í tvö eða þrjú ár, en var eftir það horfinn. Hann lifði hinsvegar í hraunbrúninni fyrir vestan og dafnar þar vel.

Landeigendur telja að með því ná vatninu í sömu stærð og það var, fyrir um 100 árum, sé besta leiðin til uppgræðslu og landbóta á þessu svæði.

Gert er ráð fyrir að verkefnið muni hafa mjög jákvæð áhrif á atvinnulíf og verkefnastöðu í Bláskógabyggð. Landeigendur Úthlíðartorfu telja að framkvæmdin hafi mjög jákvæð áhrif á framtíðarmöguleika á aukinni ferðaþjónustu á svæðinu.

Virðingarfyllt

f.h. Landeigenda Úthlíðartorfu

¹ um 10 % gróinn, samkvæmt skýrslu Gróður og fuglar við Hagavatn-Guðmundur Guðjónsson, Kristbjörn Egilsson og Kristinn Haukur Skarphéðinsson- Unnið fyrir Orkuveitu Reykjavíkur (NÍ-09010 Reykjavík, október 2009)